

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Orkustofnun
Hanna Björg Konráðsdóttir
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. september 2014
2014080018/42-0
TB
jgo/tb

Nýtingarleyfi fyrir neysluvatn í landi Hlíðarfótar í Svínadal Hvalfjarðarsveit, umsögn

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 26. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsögn um nýtingarleyfi fyrir neysluvatn sem tekið verður í landi Hlíðarfótar í Svínadal, Hvalfjarðarsveit. Auk 3. mgr. 6. gr. laga nr. 57/1998 vill Náttúrufræðistofnun vísa í 4. gr. laga nr. 60/1990 en þar segir að hlutverk stofnunarinnar sé m.a. að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknunum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna.

Almennt

Vatnstaka í landi Hlíðarfótar er á vatnasviði Laxár í Leirársveit. Í innsendum gögnum kemur fram að aukning á vatnstöku mun svara til um 4,2% af minnsta mælda rennsli Laxár í Leirársveit. Þessi vatnstaka er til víðbótar við þá vatnstöku sem nú þegar er á svæðinu vegna landbúnaðar, íbúðabyggðar, sumarhúsa og iðnaðarsvæðisins við Hvalfjörð. Gera má ráð fyrir að heidlarvatnstaka verði í kringum 10% af lágmarksrennsli í Laxá. Laxá í Leiraársveit rennur út í Grunnafjörð sem var friðlýstur vegna fjölbreytts og mikils lífríkis 1994 og samþykktur sem Ramsarsvæði, alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði, sérstaklega fyrir fugla, árið 1996. Á árunum 2007-2011 voru mörg þurrkatímabil og oft lítið rennsli í Laxá í Leirársveit. Gera má ráð fyrir að í framtíðinni muni þörf fyrir vatn á svæðinu aukast m.a. vegna aukinnar starfsemi á iðnaðarsvæðinu við Hvalfjörð.

Í innsendum gögnum um framangreint leyfi er ekki leitast við að leggja mat á hvaða áhrif aukin vatnstaka getur haft á lífríki/vistkerfi Laxár í Leiraársveit. Líklegt má telja að í þurrka árum hafi aukin vatnstaka neikvæði áhrif á lífræna framleiðslu auk þess að hafa bein áhrif á göngur fiska/seiða. Gera má ráð fyrir að í miklum þurrka árum verði áhrifin því verri en ella vegna aukinnar vatnstöku. Ef skoðuð eru markmið laga um náttúruvernd, laga um lax- og silungsveiði og laga um stjórн vatnamála þá miða þau öll að skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu náttúrulegra auðlinda bæði vatns og þess lífríkis sem því er háð.



Umsögn

Aukin vatnstaka mun líklega hafa óveruleg áhrif, ef einhver, á sjálfan Grunnafjörð/Ramsarsvæðið en mun líklegra er að neikvæð áhrif verði á Laxá í Leiraársveit og þá sérstakelga í þurrka árum. Aukin vatnstaka mun því geta haft neikvæð áhrif á lífríki almennt og einnig nytjar af ánni. Ekki liggja fyrir rannsóknir sem sýna fram á neikvæð áhrif. Rétt er að benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 sem taka eiga gildi 1. júlí 2015 segir um varúðarregluna í 9. gr. *Þegar tekin er ákvörðun, t.d. um skipulag, framkvæmd eða starfsleyfi, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmaetum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.* Framangreind lög hafa vissulega ekki tekið gildi en engu að síður er framangreind nálgun við ákvarðanatöku skynsamleg og liður í því að ná sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Niðurstaða

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að liggja fyrir faglegt mat sérfræðinga um möguleg áhrif vegna aukinnar vatnstöku á lífríki Laxár í Leirársveit áður en nýtingarleyfi er veitt.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

